



Reykjavík 19. apríl 2022

Til handhafa útboðsgagna nr. 15442 – „**Kaup á drykkjarvörum til endursölu á starfstöðum ÍTR**“

Málefni: Viðauki 3 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurnir hafa borist Innkaupaskrifstofu og eru svör kaupanda við þeim að finna hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 1

CCEP mun koma með á markað í maí/júní 2022 Fanta No Sugar Added í 0.5ltr plasti. Sú vara hefur verið til í dósum ásamt því að við höfum höfum flutt hana inn frá Noregi síðustu ár. Nú munum við framleiða hana hér á Íslandi og mun varan verða til allt árið um kring.

Svar 1:

Kaupandi heimilar þetta.

Fyrirspurn 2

Afhendingartíðni staðanna 1.4: Er ekki gert ráð fyrir lágmarkspöntun á hvern stað? Getur viðkomandi staður t.d. pantað 1 kassa í einu eða er þetta umsemjanlegt?

Svar 2:

Ekki er tilgreind lágmarks pöntun en leitast verður við að koma upp skynsamlegu verklagi sem sátt er um og er bæði skilvirk og umhverfisvæn.

Fyrirspurn 3

Afhendingartíðni Bláfjalla er allt að 3 sinnum í mánuði, það er ekki alltaf hægt að keyra stóra bíla uppeftir og við vissar aðstæður er ekki hægt að keyra uppeftir. Er ekki gert að ráð fyrir að samið sé um lágmarkskaup milli kaupanda og seljanda? Sama með afhendingartíðni til Bláfjalla, er hægt að semja um það?

Svar 3:

Bláfjöll eru með frekar stóran lager og eru afhendingar fyrir Skálafell og Bláfjöll í Bláfjöllum. Það má gera samkomulag við viðkomandi starfsstað um afhendingu. Ef illfært er upp í Bláfjöll er almennt lokað í Bláfjöllum og þar að leiðandi ekki verið að afhenda vörur þangað. Ekki er tilgreind lágmarks pöntun en leitast verður við að koma upp skynsamlegu verklagi sem sátt er um og er bæði skilvirk og umhverfisvæn.

Fyrirspurn 4

Ef við getum ekki boðið sjálfsala leigulaust getum við þá ekki tekið þátt í útboði? Sbr. 2.3

Svar 4:

Allur búnaður skal afhendast til kaupanda án leigu eða annars kostnaðar líkt og kemur fram í grein 2.3. Þá verður bjóðandi að sækja þær tekjur í gegnum aðra leiðir í útboðinu

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra útboðsgagna.

Virðingarfyllst,

Óskar Long Einarsson